

Nd.

381. Breytingartillögur

[118. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „svo og um aðra framkvæmd“ bætist: Einnig skal á tímabilinu 1. mars 1976 til 28. febr. 1977 leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna.
2. Við 2. gr. C-liður orðist svo:
Tekjum af 20% aukagjaldi á gjaldskrár hitaveitna verði varið til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða.